

Íslenska lífeyriskerfið: Uppbygging og lærdómar²

Fundarstjóri, góðir fundargestir.

Efni ræðu minnar er íslenska lífeyriskerfið. Í upphafi ætla ég þó að setja það í stærra samhengi.

Hvaða eiginleika ætlum við góðu lífeyriskerfi? Það verður auðvitað að vera farvegur fyrir sparnað til elliáranna. En eigi það að vera vel uppbyggt þarf það einnig að taka eðlilegt tillit til þeirra áhættuþátta sem einstaklingarnir og þjóðfélagið standa frammi fyrir á æviskeiði sínu. Þetta eru áhættuþættir sem til dæmis tengjast lífslíkum, starfsgetu, lýðfræði, framleiðni vinnuafis og ávöxtun eigna. Ennfremur getum við gert þá kröfu til góðs lífeyriskerfis að einhver tekjujöfnun sé innbyggð í kerfið, a.m.k. getum við gert þá lágmarkskröfu að það stuðli ekki að auknum tekjumun. Þá viljum við að lífeyriskerfið búi yfir vissum sveigjanleika og að það sé svigrúm fyrir að einstaklingarnir hafi val. Að lokum viljum við að lífeyriskerfið hafi jákvæð áhrif á þjóðarbúskapinn, þ.e. efla sparnað, auki hagvöxt og stuðli að þróun fjármálakerfisins.

Þetta eru miklar kröfur og að einhverju leyti munu þessi markmið stangast á. Viðtæk sátt virðist um að til að mæta þessum kröfum, að minnsta kosti að hluta, þurfi gott lífeyriskerfi að vera byggt á þremur stöðum. Í fyrsta lagi skattafjármagnað almannatryggingakerfi sem greiði flatan eða tekjutengdan lífeyri. Í öðru lagi skylduaðild að lífeyrissjóðum sem byggist á fullri sjóðsöfnun og lúti opinberu eftirliti. Í þriðja lagi valkvæður lífeyrissparnaður, oft með skattalegu hagræði. Við þurfum þrjár stöðir til að geta dregið úr árekstrum markmiða, til að gera kerfið í

heild ónæmara fyrir einstökum áföllum og til að hafa sveigjanleika fyrir val einstaklinganna. Þetta er vel kunnugt og er þekktustu framsetninguna að finna í bók Alþjóðabankans frá 1994: *Averting the Old Age Crisis*.

Ástæða þess að ég nefni þetta er að íslenska lífeyriskerfið færir æ nær því að uppfylla skilyrði þessarar fyrirmyndar. Hins vegar er það aðeins að hluta sakir þess að meðvitað hafi verið stefnt í þessa átt. Tilviljanir sögunnar og upphafsstaðan eiga jafn ríkan hlut að máli. Hér er hugsanlega að finna lærdóm varðandi umbætur á lífeyriskerfinu sem ég kem að síðar.

Lýsing á íslenska lífeyriskerfinu

Eins og ég nefndi áður er íslenska lífeyriskerfið samsett af skattafjármögnum almannatryggingakerfi, atvinnutengdum lífeyrissjóðum með skylduaðild og fullri sjóðsöfnun og frjálsum lífeyrissparnaði með skattahvatningu.

Almannatryggingar

Almannatryggingar greiða ellilífeyri, örorkulífeyri og lífeyri til eftirlifandi maka og barna. Ellilífeyrir er í flestum tilfellum greiddur frá 67 ára aldri. Það verður að setja í samhengi við meðalævilíkur við fæðingu sem eru 78 ár hjá körlum og nærri 83 ár hjá konum. Ellilífeyri almannatrygginga er skipt í grunnlífeyri og viðbótarlífeyri (tekjutryggingu) og er hvor tveggja tekjutengdur. Farið er með annan ellilífeyri við tekjutenginguna á annan hátt en aðrar tekjur. Hann hefur ekki áhrif á grunnlífeyri og byrjar að skerða tekjutryggingu við mun hærri viðmiðunarmörk en gilda um aðrar tekjur. Áætlað er að grunnlífeyririnn nemi um 15% af meðaltekjum ófaglærðs verkafólks en ellilífeyrir almannatrygginga getur orðið allt að 70% að viðbætti tekjutryggingu.

1. Aðalhafgræðingur Seðlabanka Íslands. Skoðanir sem fram koma eru höfundar og þurfa ekki að vera skoðanir Seðlabanka Íslands.

2. Ræða flutt á alþjóðlegri lífeyrissáttmálaástefnu, International Pension Conference, í Moskvu 9. desember 2003.

Lífeyrissjóðir

Það er lagaskylda að greiða að minnsta kosti 10% af öllum atvinnutekjum í lífeyrissjóði sem byggjast á fullri sjóðsöfnun og veita elli- og örorkulífeyri til æviloka sjóðfélaga. Þessir sjóðir eru flestir atvinnutengdir. Margir þeirra voru stofnaðir í framhaldi af almennum kjarasamningum á árinu 1969 en aðrir komu fyrir til sögunnar, svo sem lífeyrissjóðir ríkisstarfsmanna og Lífeyrissjóður verslunarmanna.

Skylduaðild að lífeyrissjóðum varð að lögum fyrir launafólk 1974 og fyrir einyrkja 1980. Iðgjaldagrunnurinn var víkkaður í áföngum á árunum 1987 til 1990 frá því að ná aðeins til dagvinnulauna í upphafi til allra atvinnutekna. Þessi breyting hraðaði vexti iðgjalda umtalsvert. Rammalöggjöf um lífeyrissjóði var ekki sett fyrir en á árinu 1998. Lögin kveða á hvaða stofnanir geta notað heitið *lífeyrissjóður*. Ennfremur skilgreina þau lágmarksskilyrði fyrir lífeyrissjóði varðandi stærð, áhættu, innri endurskoðun og sjóðsöfnun. Að lokum má nefna að þau setja takmörk á fjárfestingu lífeyrissjóða sem eru byggð á grundvallarhugmyndum um áhættudreifingu.

Flestir sjóðanna er stjórnað sameiginlega af aðilum vinnumarkaðarins. Reglugerðarvaldið gagnvart sjóðunum er hjá fjármálaráðuneytinu og eftirlitið hjá Fjármálaeftirlitinu.


Iðgjaldahlutfall lífeyrissjóða er í flestum tilfellum 10% af tekjum. Formlega er þessum 10% skipt á milli 4% framlags launamanns og 6% framlags atvinnurekanda. Iðgjald launafólks er að fullu frádráttarbært frá tekjum meðan það fer ekki yfir 4%. Atvinnurekandi getur gjaldfært sinn hluta í reikningum fyrirtækisins, jafnvel þótt hann fari yfir 6%. Fjármagnstekjur lífeyrissjóða eru skattfrjálsar. Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar með sama hætti og atvinnutekjur.

Það voru 52 lífeyrissjóðir á Íslandi í upphafi árs 2003. Af þeim tóku 11 ekki lengur á móti iðgjöldum og 14 voru með launagreiðendaábyrgð frá ríki, sveitarfélagi eða banka. Það voru 28 fullstarfandi lífeyrissjóðir án ábyrgðar launagreiðanda. Lífeyrissjóðum hefur fækkað verulega á undanfönum árum vegna sameiningar og lokunar. Í upphafi níunda áratugarins voru 90 lífeyrissjóðir í landinu.


Lífeyrissjóðasviðið einkennist af fáum stórum sjóðum með mjög háa hlutféild í heildareignum og mörgum litlum sjóðum. Tíu stærstu lífeyrissjóðirnir áttu 70% af eignum lífeyrissjóða 2002 og tveir þeir

stærstu voru með 32%. Meðalsjóðurinn var með eignir sem námu 143 milljónum Bandaríkjadala (11½ ma.kr.) en sá stærsti nam 1,3 milljörðum Bandaríkjadala (105 ma.kr.).

Rekstrarkostnaður lífeyrissjóðanna er líklega minni en vænta má í ljósi fjölda sjóða og tiltölulega lítillar meðalstærðar. Árið 2002 nam rekstrarkostnaður sjóðanna í heild um 0,1% af eignum og 1% af iðgjöldum.




Lífeyrissjóðirnir stækkuðu fremur hægt á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar þar sem iðgjaldagrunnurinn var takmarkaðri en síðar varð og ávöxtun eigna léleg og líklega neikvæð sum ár. Á þessu tímabili voru raunvextir á innlendum skuldbréfum og lánnum iðulega neikvæðir vegna hárrar verðbólgu og stýrðra vaxta. Í lok áttunda áratugarins námu eignir lífeyrissjóðanna enn minna en 10% af landsfram-



Mynd 3

Samsetning eigna lífeyrissjóða 1990 og 2002



leiðslu. Með tilkomu verðtryggingar fjáreigna í upphafi níunda áratugarins urðu raunvextir á skuldaþréfamarkaði almennt jákvæðir. Þegar afnám hafta á innlenda vaxtamyndun um miðjan níunda áratuginn fór saman við útvíkkun iðgjaldagrunnsins, sem ég nefndi áður, varð það til þess að lífeyrissjóðirnir stækkuðu verulega. Á níunda og tíunda áratugnum jukust eignir lífeyrissjóða um 14% á ári að raungildi og fóru yfir 80% af landsframleiðslu. Þessi þróun setti Ísland í fjórða sæti meðal ESB- og EFTA-ríkja varðandi stærð lífeyrissjóða í annarri stoð lífeyrkerfisins í hlutfalli við landsframleiðslu, á eftir Hollandi, Sviss og Bretlandi.

Á þeim áratug sem nú stendur yfir hefur raunvöxtur eigna lífeyrissjóðanna verið mun hægari á Íslandi þar sem lífeyrissjóðirnir glímdu við neikvæða ávöxtun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, eins og


raunin var í flestum öðrum þróuðum ríkjum. Á seinni hluta tíunda áratugarins höfðu sjóðirnir aukið hlutdeild erlendra eigna sem var óhjákvæmilegt í ljósi vaxandi hlutdeildar þeirra á innlendum fjármálamarkaði.

Lífeyrissjóðirnir eiga enn eftir að vaxa mikið. Þeir eru langt frá fullum þroska sem sést meðal annars á því að lífeyrisbyrðin, þ.e. hlutfall lífeyrisgreiðslna og iðgjalda, er enn undir 50%. Það verður að líkindum fyrst á þessu ári (2003) sem lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða verða meiri en samsvarandi greiðslur hins opinbera almannatryggingakerfis. Eftir það munu lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða aukast ár frá ári á sama tíma og lífeyrisgreiðslur almannatrygginga dragast saman vegna tekjutengingar tekjutryggingarinnar. Hafið í huga að það var ekki fyrr en í byrjun tíunda áratugarins að iðgjöld voru greidd af öllum atvinnutekjum. Þar sem meginreglan er sú að taka ellilífeyris hefst um 67 ára aldur verður það ekki fyrr en eftir þrjá áratugi að þeir sem hafa greitt iðgjöld af öllum atvinnutekjum sínum hefja töku lífeyris. Lífeyrissjóðirnir munu því halda áfram að stækka fram að þeim tíma og er talið að þeir verði um þær mundir að minnsta kosti ein og hálf landsframleiðsla.³

Meginreglan í einkageiranum er að taka lífeyris hefst við 67 ára aldur en í eldra kerfi opinberra starfsmanna er miðað við 65 ára aldur. Það er hins vegar mögulegt að hefja töku lífeyris í einkageiranum við 65 ára aldur með skertum réttindum eða fresta tök-


Mynd 4

Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða 1991-2002



3. Sjá Guðmundur Guðmundsson (2000): Prospects of Icelandic Pension Funds, *Central Bank of Iceland Working Papers No. 6*, Seðlabanki Íslands, hagfræðisvið.

unni til 70 ára aldurs með viðbótarréttindum. Réttindareglurnar í einkageiranum og nýju kerfi opinberra starfsmanna eru hins vegar hlutlausar gagnvart þessu vali.



Það er yfirleitt marktækur munur milli sjóða með ábyrgð atvinnurekenda og annarra lífeyrissjóða varðandi iðgjöld og réttindi og einnig varðandi það hver ber þá áhættu sem starfsemi sjóðanna fylgir. Sjóðir með ábyrgð eru undanþegnar kröfunni um fulla sjóðsöfnun. Aðeins ríkið, sveitarfélög og bankar mega veita lífeyrissjóðum slíka ábyrgð. Full sjóðsöfnun verður síðan reglan fyrir alla í framtíðinni þegar eldri kerfi opinberra starfsmanna og annarra deyja út. En þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, svo að dæmi sé tekið, er byggður á skilgreindum réttindum er það launagreiðandinn sem ber ávöxtunaráhættuna og iðgjöld til sjóðsins verða í raun breytileg.

Réttindi venjulegra sjóða í einkageiranum munu þegar öllu er á botninn hvolft ráðast af ávöxtun sjóðanna, sem getur verið breytileg á milli sjóða. Ávöxtunaráhættan er því borin sameiginlega af sjóðfélögunum. Ennfremur fela réttindareglur sjóðanna í sér töluverða áhættudreifingu og samtryggingu meðal sjóðfélaganna og vissa tekjujöfnun. Sjóðirnir eru því ekki tryggingarfræðilega hlutlausir. Í raun hefur iðgjaldahlutfallið verið tiltölulega stöðugt en réttindum hefur öðru hverju verið breytt með beinu eða óbeinu samþykki sjóðfélaga. Sjóðirnir byggjast því hvorki að fullu á föstum skilgreindum réttindum né föstum skilgreindum iðgjöldum heldur eru þeir nokkurs konar blanda af þessu tvennu. Að sumu leyti

verður áhættuumhverfi sjóðfélaganna betra en í hreinum „sjóðum skilgreindra iðgjalda“ á sama tíma og áhættan er minni fyrir launagreiðendur en raunin er varðandi hreina „sjóði skilgreindra réttinda“.

En hvað má hinn dæmigerði sjóðfélagi búast við að fá í lífeyri frá sjóðunum? Að gefnum raunhæfum forsendum hefur verið metið að búast megi við að sá sem fer á eftirlaun 69 ára muni fá 50-60% af launatekjum þeirra sem þá verða fullstarfandi.⁴ Að viðbættum grunnlífeyri almennatrygginga fer hlutfallið í 60-70%.

Valkvæður lífeyrissparnaður

Margir munu bæta við lífeyri frá skylduáildarsjóðum með valkvæðum lífeyrissparnaði. Löggjöf um skattahvata vegna valkvæðs lífeyrissparnaðar kom ekki til fyrr en 1998 og var það hluti af almennum umbótum á lífeyriskerfinu. Skattahvatarnir hafa verið auknir síðan. Launafólk hefur heimild til að draga frá skattskyldum tekjum sínum allt að 4% framlag til viðurkenndra séreignarsjóða. Atvinnurekendur leggja ávallt fram 1%, mæta 1% í viðbót frá starfsmanni og 0,1% til viðbótar fyrir hvert 1% sem starfsmaður leggur fram. Heildarframlag til valkvæðs lífeyrissparnaðar getur því orðið allt að 6,4% hjá þeim sem hafa ákveðið að greiða sjálfir 4% framlag til séreignarlífeyrissparnaðar. Þessi sparnaður er að mestu leyti í formi séreignarsparnaðar hjá aðilum sem fjármálaráðuneytið hefur samþykkt. Lífeyrissparnaðurinn er bundinn til 60 ára aldurs og greiðist í jöfnum skrefum á að minnsta kosti sjö ára tímabili.

Skattahvatningin hefur reynst mjög virk. Áætlað er að á árinu 2001 hafi 43% þeirra sem voru virkir á vinnumarkaði greitt til slíks séreignarsparnaðarkerfis. Lífeyriseignir í þriðju stoð lífeyriskerfisins hafa því aukist verulega og náðu 7½% af landsframléiðslu í árslok 2002. Megnið er í vörslu lífeyrissjóða, eða 85%, en hlutur banka, tryggingarfélaganna og annarra hefur aukist umtalsvert á síðustu árum en hann var enginn í árslok 1997. Lífeyriseignir í heild, þ.e. bæði í annarri og þriðju stoð lífeyriskerfisins, námu nálægt 90% af landsframléiðslu í árslok 2002.

4. Sjá Guðmundur Guðmundsson (2000), áður ívitnað.

Efnahagsleg og fjármálaleg áhrif

Efnahagsleg áhrif lífeyriskerfisins eru mikilvæg. Það eru alltaf þeir sem eru starfandi á hverjum tíma sem halda uppi ellilífeyrisþegum, óháð því hvernig kerfið er byggt upp, en ef kerfið stuðlar að meiri framleiðni en ella og ef það eru að hluta þeir sem starfa í öðrum löndum sem bera byrðarnar með arðgreiðslum af erlendum eignum, verður lífeyrisbyrðin léttari en ella. Hver hafa þá áhrif lífeyriskerfisins á þjóðarbúskapinn og fjármálakerfið verið?


Ljóst er að kerfið hefur ekki skapað of neikvæðan hvata til atvinnuþátttöku af hálfu hinna eldri. Opinber eftirlaunaaldur er 67 ár og 37% af 65-74 ára fólki unnu launavinnu í að minnsta kosti eina stund á viku á árinu 2002. Þetta grundvallast auðvitað að hluta á hefð og þeirri staðreynd að atvinnuleysi hefur yfirleitt verið lítið. En það hjálpar einnig til að lífeyriskerfið hefur ekki innbyggðan hvata til snemmtöku lífeyris, þótt það sé mögulegt að hefja lífeyristöku fyrir 67 ára aldur.

Uppbygging lífeyriskerfis með sjóðsöfnun gæti við viss skilyrði stuðlað að auknum þjóðhagslegum sparnaði og þannig aukið framleiðslufjármuni og hagvöxt. Auðvitað er erfitt að vita hvað hefði gerst án uppsöfnunar lífeyrissjóða og hingað til hefur reynt erfitt að staðfesta þessi áhrif. Tiltölulega lítill sparnaður einkageirans hefur í raun verið vandamál á undanförunum árum. Einnig er umhugsunarefni að íslensk heimili eru meðal þeirra skuldsettustu í heiminum. Í Danmörku og Hollandi eru skuldir heimila í hlutfalli við ráðstöfunartekjur reyndar enn meiri. Í báðum þessum löndum eru lífeyriseignir í annari og þriðju stoð lífeyriskerfisins mjög miklar. Það er hugsanlegt að fólk treysti slíkum kerfum betur en opinberum gegnumstreymiskerfum og sé því viljugra til að safna skuldum í þeirri trú að lífeyrir þess sé tryggur.

Áhrifin á þróun fjármálamarkaða eru mun skýrari. Augljóst er að lífeyrissjóðirnir hafa stuðlað verulega að vexti fjármálamarkaða. Ef eitthvað er, er vandamálið að þeir eru í sumum tilfellum of yfirgnæfandi. Nokkrar tölur gefa til kynna hlutfallslegt mikilvægi lífeyrissjóðanna á innlendum fjármálamörkuðum. Svo að dæmi séu tekin er hlutdeild þeirra í útistandandi markaðsskráðum skuldabréfum 39% í árslok 2002. Á sama tíma er talið að þeir hafi átt 46% af útistandandi húsbréfum.

Mynd 6

Erlendar eignir sem hlutfall af heildareignum lífeyrissjóða 1990, 2001 og 2002



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Að lokum má nefna að vegna uppbyggingar erlendra eigna hafa lífeyrissjóðirnir haft áhrif á hreina eignastöðu íslenska þjóðarbúsins. Erlendar eignir lífeyrissjóða námu minna en 2% af heildareignum þeirra 1995 en voru orðnar 22% árið 2001. Þær minnkuðu hins vegar á árinu 2002 vegna neikvæðrar ávöxtunar á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum og námu í lok þess 16%. Stærstur hluti erlendu eignanna eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna námu 61% af verðbréfaeign Íslendinga erlendis í lok árs 2002 og 25% allra erlendra eigna sem skráðar eru í erlendri eignastöðu þjóðarbúsins. Það er ljóst að þetta miklar eignir hafa áhrif á áhættumynstur erlends efnahagsreiknings þjóðarbúsins. Ennfremur geta erlend viðskipti lífeyrissjóðanna haft marktæk áhrif á gengi krónunnar, að minnsta kosti til skamms tíma lítið.

Styrkleiki og veikleiki?

Ég býst við að styrkleikar íslenska lífeyriskerfisins hafi komið skýrar fram í máli mínu hingað til en veikleikarnir. Mikilvægustu styrkleikarnir eru nánast full þátttaka allra, sjóðsöfnun í annari stoð kerfisins, hlutleysi varðandi snemmtöku eða seintöku lífeyris og samsett eðli lífeyrissjóðanna. Af þessu leiðir jákvæð áhrif á vinnumarkaðinn og fjármálakerfið samborið við önnur lífeyriskerfi.

En það eru einnig veikleikar. Í fyrsta lagi geta réttindi orðið nokkuð mismunandi milli sjóða ef ávöxtun fjárfestingar er mismunandi yfir lengri tímabil. Ef hreyfanleiki á milli sjóða er takmarkaður, eins

og raunin er á Íslandi, gæti þetta skapað spennu. Með færri og betur stýrdum sjóðum, sem jafnframt njóta náins eftirlits sjóðfélaga og fjármálaeftirlits, má draga úr þessu vandamáli, en það hverfur aldrei alveg. Í öðru lagi, en tengt þessu, er í fæstum tilfellum mögulegt að velja lífeyrissjóð fyrir skyldutryggingu. Eitt af vandamálunum við að innleiða slíkt val er að réttindasöfnun sjóðanna er yfirleitt ekki réttlát tryggingarfræðilega. Mikilvægast í því sambandi er að iðgjald hinna ungu færir sömu réttindi og iðgjald hinna eldri. Þetta þarf ekki að vera vandamál fyrir þá sem eru í sama kerfinu allan starfsferil sinn, þar sem tapið þegar sjóðfélagi er ungur er vegið upp af hagnaðinum þegar hann er eldri. En ef val á milli sjóða yrði leyft og sjóðir með slíka línulega réttindaávinnslu væru við hlið sjóða með aldurstengda réttindaávinnslu, eins og sumir sjóðir hafa tekið upp, myndi kerfið í heild verða óstöðugt og gæti að lokum hrunið. Hinir yngri myndu velja sér sjóð með aldurstengdri réttindaávinnslu en skipta yfir í sjóð með línulegri réttindaávinnslu þegar þeir væru orðnir eldri. Til að skipta á milli kerfa, sem er ekki talið knýjandi í augnablikinu, þarf líklega að loka núverandi kerfi fyrir iðgjöldum og byrja nýtt kerfi. En eins og þegar skipt er úr gegnumstreymiskerfi í fulla sjóðsöfnun verður alltaf sú spurning hvernig eigi að bæta kynslóðinni upp það sem hún hefur þegar tapað þegar hún var ung en á eftir að græða þegar hún er eldri? Að lokum má nefna að örorkubætur hafa verið vandamál fyrir lífeyrissjóðina. Erfitt hefur reynst að spá fyrir um þær. Örorkubæturnar hafa farið stigvaxandi og haft tilhneigingu til að sveiflast með hagsveiflunni.

Lærdómar fyrir aðra?

Að lokum langar mig að spyrja þeirrar spurningar, án þess þó að svara henni nema að hluta, hvort mikilvægir lærdómar séu fyrir aðra af lífeyrisreynslu Íslendinga? En fyrst vil ég gera mikilvægan fyrirvara. Almennum grundvallarreglum ber ávallt að beita með því að taka mikið tillit til sérstakra aðstæðna í hverju landi. Ennfremur vitum við að alltaf er erfitt að skipta á milli kerfa ef það sem fyrir er er ekki aug-

ljóslega til vandræða. Á sviði lífeyrismála eru einnig sérstök vandamál við að skipta úr gegnumstreymiskerfi í fulla sjóðsöfnun. Þegar ákveðið var á Íslandi í almennum kjarasamningum í lok sjöunda áratugarins að setja á stofn lífeyrissjóði sem byggðust á fullri sjóðsöfnun var lífeyrir almannatrygginga orðinn mjög lágur þar sem verðbólga og efnahagslegur samdráttur hafði grafið undan honum. Umskiptavandamálið var því minna en ella og viljinn til breytinga meiri.

Ég held að eftirfarandi séu helstu lærdómar af reynslu Íslands til skoðunar fyrir aðra:

1. Hægt er að hrinda fyrirmynd þriggja stóða kerfisins í framkvæmd og það hefur í för með sér margar af þeim jákvæðu afleiðingum sem lofað er.
2. Sjóðsöfnun í lífeyriskerfum hefur jákvæðar afleiðingar, sérstaklega í litlum opnum hagkerfum.
3. Mögulegt er að hanna lífeyriskerfi með þeim hætti að það stuðli ekki í of ríkum mæli að snemmbærum starfslokum.
4. Blönduð lífeyriskerfi á milli skilgreindra iðgjalda og skilgreindra réttinda eru möguleg og ber að skoða ásamt öðrum möguleikum.

Hvað um Rússland? Ég veit ekki nægilega mikið um séraðstæður til að geta fullyrt hvaða þættir í reynslu Íslendinga skipta máli fyrir ykkur. Það er hlutverk sérfræðinga á staðnum. En mig langar til að skilja eftir hjá ykkur tvær hugsanir. Í fyrsta lagi, ef lífslíkur aukast á komandi áratugum, eins og við vonumst auðvitað til, virðist þetta vera góður tími til að skoða sjóðsöfnun fyrir töluverðum hluta lífeyrisbyrða framtíðarinnar, eins og þið ætlið reyndar að gera sem hluta af lífeyrisumbótum ykkar. Í öðru lagi virðist mér að reynslu Norðmanna eigi einnig að skoða. Noregur býr að miklum olíulindum, eins og þið. Auðlindarentan af olíunni er notuð í gegnum leyfisgjöld og skattlagningu til að byggja upp mjög stóran sjóð, sem ásamt öðru verður notaður til að mæta kostnaði vegna öldrunar þjóðarinnar.

Ég þakka fyrir.